

## GJALDSKRÁ

### Bláskógaveitu (hitaveitu), Bláskógabyggð.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Bláskógaveitu frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

#### 2. gr.

Afnotagjöld af heitavatninu eru sem segir:

<i>Daggjald/mælagjald/hemlagjald</i>	<i>kr./dag</i>
Stærð mælis/hemils DN 15 mm	39,33
Stærð mælis/hemils DN 20 mm	40,35
Stærð mælis/hemils DN 25 mm	61,12
Stærð mælis/hemils DN 32 mm	63,37
Stærð mælis/hemils DN 40 mm	104,71
Stærð mælis/hemils DN 50 mm	157,82
Stærð mælis/hemils DN 65 mm	193,65
Stærð mælis/hemils DN 80 mm	225,91

<i>Heitt vatn um rennslismæli, Biskupstungum</i>	<i>kr./m<sup>3</sup></i>
H1A. Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	111,94
H3A. Garðyrkja/Hitaveitan Brúin	27,58
V4A. Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	83,96

<i>Heitt vatn um hemil, Biskupstungum</i>	<i>kr./mínútilitra á dag</i>
L1. Garðyrkja	12,04
L2. Íbúðarhús/sumarhús	99,12
L3. Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	41,70
H1D. Hemlagjald	84,85

<i>Heitt vatn um rennslismæli, Laugardal</i>	<i>kr./m<sup>3</sup></i>
H1L. Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	111,94
H3L. Garðyrkja	27,58
V4L. Verslun, iðnaður og opinberar byggingar	83,96

<i>Heitt vatn um hemil, Laugardal</i>	<i>kr./mínútilitra á dag</i>
H2. Íbúðarhús/sumarhús	99,12
H4. Mýrarhúsaskógur	99,12

#### 3. gr.

Tengigjöld Bláskógaveitu eru sem hér segir:

Íbúðarhús að 450 m <sup>3</sup>	312.598 kr. m <sup>3</sup> umfram m <sup>3</sup> 234 kr.
Opinberar byggingar og iðnaðarhús að 450 m <sup>3</sup>	312.598 kr. m <sup>3</sup> umfram m <sup>3</sup> 67 kr.
Gróðurhús og stórnotendur	5.278 kr. mínútilítrinn lágmark 60 m/l
Sumarhús	529.844 kr. fast gjald

#### 4. gr.

Tengigjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við byggingarvísitölu. Grunnvísitala (grunnur 2010) októbermánaðar 2013, 118,7 stig. Bláskógaveitu er heimilt að breyta tengigjöldum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

## 5. gr.

Lágmarksnotkun fyrir sumarhús er 642 rúmmetrar á ári og skal ávallt greiða fyrir þá notkun samkvæmt gjaldskrá. Fari ársnotkun sumarhúss fram yfir 642 rúmmetra á ári, skal greiða fyrir hvern umframrúmmetra skv. gjaldskrá auk lágmarksnotkunargjaldsins. Fastagjaldið greiðist óháð notkun.

## 6. gr.

Lágmarksstilling á hemli verður 3 l/m.

## 7. gr.

Bláskógaveita hefur rétt til að loka fyrir afhendingu á heitu vatni til húsveitu viðskiptamanns sem vanrækt hefur að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 7.027 kr.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af veitustjórn Bláskógaveitu þann 6. desember 2017 og staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. desember 2017, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1265/2016.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. janúar 2018.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingi Már Pálsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*